

Fimmtudaginn 20. október 1988.

Nr. 149/1988. **Ákæruvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Valtý Ómari Guðjónssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 8. maí 1988 að því er ákærða einan varðar, en meðákærði í héraði vildi hlíta héraðsdómi. Af hálfu ákæruvalds er dómnum einnig áfrýjað og krafist staðfestingar á sakfellingu og þyngingar refsingar.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Samkvæmt sakavottorði ákærða 14. október 1988 var hann dæmdur í 4 mánaða fangelsi í sakadómi Reykjavíkur 27. júní sl. fyrir brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Valtýr Ómar Guðjónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. apríl 1988.

Ár 1988, föstudaginn 22. apríl er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 251-252/1988: Ákæruvaldið gegn X og Valtý Ómari Guðjónssyni, sem tekið var til dóms 8. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 18. janúar sl., á hendur ákærðu, „X og Valtý Ómari Guðjónssyni, fæddum í Reykjavík 20. nóvember 1938, fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt 5. nóvember 1987 brotist inn í grænmetisgeymslu gegnt Borgarspítala skammt sunnan gamla Skemmuvegar í Kópavogi og stolið þar um 125 kílóum af kartöflum og einhverju magni af hvítkáli.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Fimmtudaginn 5. nóvember sl. sneri Sigurjón Sigurðsson, Miðleiti 7, Reykjavík, sér til Rannsóknarlögreglu ríkisins og kærði innbrot og þjófnað á kartöflum og hvítkáli úr grænmetisgeymslu skammt sunnan gamla Sléttuvegar, gegnt Borgarspítala. Kvaðst Sigurjón vera með grænmeti til geymslu á staðnum og hefði hann orðið var við að farið hefði verið inn í geymsluna í fyrrinótt og aftur sl. nótt og þá sýnilega hafst við í geymsluskúr sem væri á staðnum. Kvað Sigurjón hafa verið stolið um sex 25 kg pokum af hvítkáli og fjórum til sex 25 kg pokum af kartöflum og hefði hvort tveggja verið í strigapokum. Kvaðst hann hafa farið í geymsluna um morguninn og hefði þá verið slatti í brennivínsflösku í geymsluskúrnum, en er rannsóknarlögreglumenn fóru á vettvang síðdegis sama dag hafði flaskan verið tekin.

Kl. 20.20 að kvöldi sama dag og ofangreind kæra var borin fram voru ákærðu handteknir á sendibílastöð við Vitatorg hér í borg. Voru ákærðu þar í sendibífreið, en í henni voru einnig 5 hálffullir strigapokar af kartöflum og 5 litlir plastpokar.

Ákærði Valtýr Ómar hefur við rannsókn og meðferð málsins afdráttarlaust játað að hafa farið með meðákærða X inn í nefndan geymsluskúr greint sinn. Í upphafi hafi tilgangurinn verið sá að skýla sér fyrir rigningu, en er inn í geymsluna hafi verið komið hafi vaknað sú hugmynd að stela kartöflunum og hvítkálinu, sem þar var geymt, og reyna að selja það. Hafi X, sem hafi sagt afa sinn eiga geymsluna, hringt á greiðabil sem hafi komið að geymslunni og hafi þeir sett kartöflurnar og hvítkálið í hann. Um hafi verið að ræða fimm til sex 25 kg poka af kartöflum og þrjá poka af hvítkáli. Þeir hafi síðan ekið að verslunum og tekist að selja allt hvítkálið á tveimur stöðum. Hafi X séð um söluna, þar sem ákærði hafi verið svo ölvaður. Þá hafi þeir einnig boðið kartöflurnar til sölu í húsum, en ekki tekist að selja þær, þar sem þær voru sagðar frostsKemmdar og mikið framboð væri á þeim.

Ákærði X hefur við rannsókn og meðferð málsins kannast við að hafa farið með Valtý Ómari inn í umrædda grænmetisgeymslu greint sinn, en borið að Valtýr Ómar hafi beðið sig um að koma með sér þangað og hafi

hann (Valtýr Ómar) sagt að maðurinn sem ætti geymsluna væri látinn og hann (Valtýr Ómar) hefði leyfi til að taka grænmetið og selja það, en það væri frosið og lægi undir skemmdum. Hafi þeir „kíkt á grænmetið“ og í framhaldi af því hafi Valtýr Ómar hringt á greiðabíl og ákærðu síðan tekið grænmetið og sett það í hann. Um hafi verið að ræða bæði kartöflur og hvítkál, sennilega 8 poka af kartöflum og einn stóran strigapoka með hvítkáli í. Ekki kvaðst ákærði þó vera viss um magnið. Þeir hafi svo farið í veitingahús, þar sem Valtýr Ómar hafi þekkt veitingamanninn, sem hafi keypt hvítkálið. Hafi Valtýr Ómar séð algjörlega um þá hlið málsins. Þeir hafi einnig reynt að selja kartöflurnar í verslunum í borginni, en ekki tekist það, þar eð þær hefðu verið búnar að frjósa og þar af leiðandi verið ónýtar.

Ákærðu voru samprófaðir bæði við rannsókn og meðferð málsins, en það bar eigi árangur.

Ákærði Valtýr Ómar hefur skýlaust játað að hafa farið inn í umrædda grænmetisgeymslu ásamt meðákærða X, þar sem þeir hafi stolið kartöflum þeim og hvítkáli, sem greinir í ákæru, í þeim tilgangi að selja hvort tveggja.

Ákærði X hefur játað að hafa farið inn í umrædda grænmetisgeymslu með Valtý Ómari og einnig að hafa tekið kartöflurnar og hvítkálið og að þeir hafi selt hvítkálið, en haldið því fram að Valtýr Ómar hafi bedið sig um þetta og sagt að látinn maður ætti hvort tveggja og að hann (Valtýr Ómar) hefði leyfi til að taka þetta. Framburður ákærða, sem margsinnis hefur verið dæmdur fyrir þjófnaðarbrot, um að hann hafi greint sinn skort auðgunarásetning, þykir gegn framburði Valtýs Ómars eigi marktækur.

Samkvæmt framansögðu þykir vera sannað með framburði ákærða Valtýs Ómars, sem er í samræmi við annað það, sem fram er komið í málinu, að ákærðu hafi gerst sekir um háttsemi þá, sem þeim er gefin að sök í ákæru, að öðru leyti en því, að eigi þykir hafa verið sýnt fram á, að þeir hafi brotist inn í grænmetisgeymsluna. Varðar atferli ákærðu við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Í ákæru segir, að nefnd grænmetisgeymsla sé „gegn Borgarspítala sunnan gamla Skemmuveggar í Kópavogi“, en hið rétta er, að hún er gegn Borgarspítala sunnan gamla Sléttuvegar þar í bæ. Þykir þessi ónákvæmni í ákæru þó eigi leiða til frávísunar hennar, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála.

Samkvæmt sakavottorðum hafa ákærðu sætt eftirtöldum refsíðómum:

Ákærði Valtýr Ómar:

— — —

[Í sakavottorði eru tilgreindir 19 refsíðómar frá árabílinu 1958-1984, þar af 13 vegna auðgunarbrot.]

Þá var ákærði dæmdur í 3 mánaða fangelsi hinn 29. desember sl. fyrir þjófnaðarbrot, ölvunarakstur og réttindaleysi við akstur.

Ákærði X:

— — —
Þá hafa ákærðu báðir margoft gengist undir sektargreiðslu með dómsátt vegna ýmissa afbrota.

Refsing beggja ákærðu verður ákveðin með hliðsjón af 71., 72., 78. og 255. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða Valtýs Ómars hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði, en refsing ákærða X þykir hæfileg fangelsi 2 mánuði.

Eftir þessum úrslitum ber samkvæmt 2. mgr. 142. gr. laga nr. 74, 1974 að dæma ákærðu óskipt til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði Valtýr Ómar Guðjónsson sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærði X sæti fangelsi 2 mánuði.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt.